



## **Aðalfundur UMF Stjörnunnar**

**Haldinn miðvikudaginn 11. maí 2016 í Stjórnuheimilinu Ásgarði kl. 20.00**

Mættir til fundarins voru um 68 félagsmenn.

### **1. Fundur settur.**

Fundinn setti formaður stjórnar félagsins Sigurður Bjarnason.

### **2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Hann stakk upp á Lúðvík Erni Steinarssyni sem fundarstjóra. Það var samþykkt.

Lúðvík gekk úr skugga um lögsmæti fundarins og úrskurðaði hann lögsmætan.

Lúðvík stakk upp á að Kristjání B. Thorlacius yrði falið að rita fundargerð fundarins. Það var samþykkt.

Gengið var til dagskrár.

### **3. Skýrsla aðalstjórnar og einstakra deilda.**

Sigurður Bjarnason formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir helstu atriðum í starfsemi félagsins á síðast liðnu ári. Hann gerði grein fyrir árangri einstakra deilda og helstu áherslum í starfsemi félagsins.

### **4. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar aðalstjórnar og einstakra deilda.**

Þorsteinn Þorbergsson gerði grein fyrir ársreikningi félagsins og reikningum einstakra deilda.

Heildartekjur félagsins á árinu námu 719,7 miljón króna. Heildargjöld námu kr. 701,2 miljón. Hagnaður af rekstri félagsins nam því kr. 18,5 miljónum á árinu 2015.

Fastafjármunir kr. 35,6 miljónum, veltufjármunir kr. 107,8 miljónir, eignir alls kr. 143,4 miljónir.

Eigið fé nam kr. 71,5 miljónum, skammtímaskuldir 71,9 miljón. Skuldir og eigið fé samtals kr. 143,5 miljónir.

Þorsteinn lagði til að reikningurinn yrði samþykktu í kjölfar umræðna um hann á fundinum.



## *Fundarhlé*

Í fundarhléi voru veittar heiðursviðurkenningar til félagsmanna og sjálfboðaliða sem starfað hafa að málefnum félagsins um árabíl.

Veittar voru koparstjörnur til Dóru Viðarsdóttur, Sævars Þ. Magnússonar, Hrannar S. Steinsdóttur, Hönnu Kristínar Gunnarsdóttur, Guðnýjar Hansdóttur, Sigrúnar Magnúsdóttur, Guðnýjar Gísladóttur, Brynju Ástráðsdóttur, Gísla Williardssonar, Jóns Svans Sverrissonar, Vilborgar Grétarsdóttur, Eymundar Sveins Einarssonar, Helga Hrannars Jónssonar, Jóns Gunnars Sævarssonar, Þórarins Einars Engilsbertssonar, Kristjáns Mássonar, Björns Mássonar, Jóns Þórs Helgasonar, Bárðar Hreins Tryggvasonar og Kristins Hjálmarssonar.

Silfurstjörnur hlutu Unnur Johnsen og Ágústa Hjartardóttir.

Gullstjörnur veittu viðtöku Valdimar Kristófersson, Ingvar Ragnarsson, Einar Einarsson, Skúli Gunnsteinsson, Jóhann Steinar Ingimundarson.

Halldór Sigurðsson fékk afhentan félagsmálaskjöld Stjórnunnar.

Hlaupahópur Stjórnunnar var valinn deild ársins.

Þjálfari ársins var valinn Niclaes Jerkeholt fimleikaþjálfari.

Tilkynnt var um val Dagfinns Ara Normann kraftlyftingamanns sem íþróttamanns Stjórnunnar.

Að fundarhléi loknu var hefðbundnum aðalfundarstörfum haldið áfram.

## **5. Umræða og atkvæðagreiðsla um skýrslu aðalstjórnar, deilda og reikninga.**

Enginn óskaði eftir því að taka til máls um skýrslu og reikninga.

Fundarstjóri bar upp ársskýrslu félagsins. Hún var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri bar upp ársreikning félagsins. Hann var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

## **6. Kjör aðalstjórnar**

*Formaður til eins árs.*

Sigurður Bjarnason var kjörinn formaður

*Fjórir stjórnarmenn til eins árs.*



Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Þorsteinn Þorbergsson, Kristján B. Thorlacius og Ásta Kristjánsdóttir voru kjörin í aðalstjórn

*Tveir varastjórnarmenn til eins árs.*

Sigríður Dís Guðjónsdóttir og Þorsteinn Júlíus Árnason voru kjörin í varastjórn.

*Endurskoðendur til eins árs.*

Ómar Kristjánsson var kjörinn endurskoðandi

*Varaendurskoðendur til eins árs.*

Gunnar Þór Gunnarsson var kjörinn varaendurskoðandi.

## **7. Önnur mál**

Kristján B. Torlacius óskaði eftir því að taka til máls. Hann gerði grein fyrir upptöku félagsgjalds hjá félaginu og þeim hugmyndum sem þar búa að baki.

Anna R. Möller tók til máls. Hún fagnaði upptöku sérstakrar félagaskrár.

Björg Fenger formaður íþróttá og tómstundaráðs tók til máls og ræddi um þann góða árangur sem náðst hefur í starfi Stjórnunnar. Taldi hann góðan og mikilvægan fyrir bæjarbraginn.

Sigurður Bjarnason formaður félagsins tók til máls. Hann kynnti nýjan framkvæmdastjóra félagsins Ásu Ingu Þorsteinsdóttur. Hann þakkaði síðan fráfarandi framkvæmdastjóra félagsins Jóhannesi Egilssyni fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Sigurður Bjarnason þakkið fundarstjóra fyrir vel unnin störf og sleit fundinum kl. 21.15.

Þannig fram farið.

KBTh